

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2010


Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, (kynferðisbrot) 138. mál.
45.

Umrætt frumvarp fjögurra þingmanna um breytt orðalag á 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga er ekki til bóta að álitu Ákærendafélags Íslands og leggst félagið gegn lögtöku þess.

Núverandi orðalag 1. mgr. 194. gr. hgl. eins og greinin hefur verið orðuð frá árinu 2007 þegar almennum hegningarlögum var breytt með lögum nr. 61/2007, hefur gefið ágæta raun. Ákvæðið er orðið með líkum hætti og sambærileg ákvæði í Noregi og Danmörku.

Verði felld niður úr lögum skilgreining á hugtakinu nauðgun og látið við það sitja að hafa hugtakið óskýrt í lögnum, eins og lagt er til með frumvarpinu, mun það bjóða heim þeirri hættu að dómstólar telji það ekki uppfylla skilyrði um skýrleika refsheimilda. Slík aðferðarfræði sem frumvarpið byggir á er heldur á undanhaldi í lagasetningarstarfi og býður heim óvissu um túlkun þess. Núverandi orðalag 194. gr. hgl. rúmar að álitu Ákærendafélagsins andlega nauðung sem aðferð við nauðgun að jöfnu við líkamlega nauðung. Vandí við sönnun þess að ásetningur geranda standi til nauðgunar verður ekki leystur með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,



Helgi Magnús Gunnarsson formaður